



Vinnumálastofnun Vesturlandi

Stillholti 18, Akranesi
kt. 550698-2189
(í samningi þessum nefnd VMST)

og

Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18, 300 Akranesi
kt. 410169-4449
(í samningi þessum nefndur verksali)

gera með sér svohljóðandi samstarfssamning

á grundvelli laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerðar nr. 12/2009, umþáttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og búferlastyrki.

1. gr.

Forsendur samnings.

Samningnum er ætlað að veita atvinnuleitendum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins tækifæri til þáttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal úrræðum í formi virkniúrræða og vinnustaðanámi.

2. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi tekur til starfsemi „Skagastaða (virkniseturs) og eru ætluð atvinnuleitendum sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda um að ræða vinnumarkaðsúrræði, sbr. b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Fjallar samningurinn meðal annars um umsýslu Akraneskaupstaðar með þeim virkniúrræðum, vinnustaðanámi og sjálfboðaliðastörfum, þar á meðal greiðslur til Akraneskaupstaðar vegna verkefnisstjórnunar og umsjónar með verkefninu.

3. gr.

Þjónusta og markmið.

Markmið samnings þessa er að veita atvinnuleitendum sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins tækifæri til þáttöku í ýmiskonar virkniúrræðum, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og búferlastyrki.

Markmiðið með þáttöku er að efla og styrkja atvinnuleitendur, auka þekkingu þeirra á vinnumarkaðinum, styðja þau og hvetja í atvinnuleitinni og stuðla á sama tíma að virkni og auka starfshæfni þeirra. Með þessum hætti er leitast við að sporna gegn erfiðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðinum sem oft fylgja langvarandi atvinnuleysi.

Markmiðið er að á árinu 2014 og 2015 verði atvinnuleitendum sem búsettir eru á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit boðin virkni þátttaka fjórar - átta stundir á viku samkvæmt samningi þessum.



4. gr.

Greiðsla og fjöldi einstaklinga í þjónustu.

Greiðsla VMST til Akraneskaupstaðar vegna starfa tveggja starfsmanna sem Akraneskaupstaður ræður til sín frá 1. janúar 2014 - 31. desember 2015 eru sex milljónir og fjögurhundruð þúsund hvort ár.

Akraneskaupstaður sendir VMST mánaðarlega reikning og skal hann greiðast innan mánaðar.

Akraneskaupstaður skal jafnframt sjá til þess að atvinnuleitendurnir séu slysatryggðir við þau verkefni sem þeir taka þátt í, skv. 3. mgr.

5. gr.

Hlutverk verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri munu m.a. sinna eftirfarandi verkefnum:

- a. Aðstoð við gerð ferilskrár, skipulag og eftirfylgni atvinnuleitar.
- b. Fræðslu fyrir atvinnuleitendur, val verkefna og leiðbeiningar um réttindi og skyldur í samvinnu og samstarfi við Vinnumálastofnun.
- c. Hvattningu í verkefnum og stuðning.
- d. Eftirliti með þátttöku í verkefnum og vinnustaðanámi s.s. mætingu og ástundun.
- e. Þróun virkniverkefna og öflun nýrra verkefna.
- f. Kynningu á Skagastöðum, örvun samstarfs og miðlun upplýsinga til annarra aðila sem tengjast verkefninu.

Akraneskaupstaður mun gera nánari starfslýsingu fyrir verkefnisstjóra.

6. gr.

Samskipti Akraneskaupstaður og VMST.

Hvor aðili um sig tilnefnir tengilið sem skulu annast samskipti aðila um verkefnið.

7. gr.

Fyrirkomulag á inntöku, skyldur atvinnuleitenda og eftirfylgni.

VMST boðar atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins til þátttöku í verkefninu og sendir lista yfir þátttakendur til verkefnisstjóra. Ef atvinnuleitandi hættir þátttöku án tillits til hver ástæða þess er skal verkefnastjóri tilkynna VMST það tafarlaust og geta ástæðna til tengiliðs skv. 6. gr.

Verkefnastjóri Akraneskaupstaðar gerir sérstakan þáttökusamning við hvern atvinnuleitanda sem atvinnuleitandi skuldbindur sig til að vinna eftir.

Verkefnisstjóri annast eftirlit með þátttöku atvinnuleitanda í virkniúrræðum á samningstíma, þar á meðal skal verkefnisstjóri halda sérstaka mætinga- og viðveruskrá, sbr. 5. gr. samnings þessa. Í kynningu til þátttakenda skal verkefnastjóri taka fram að gert sé skilyrði um 100% mætingu í virkniúrræðin. Veikist atvinnuleitandi meðan á þátttöku hans stendur sem verður til þess að hann nær ekki að uppfylla mætingaskyldu skal hann tilkynna um það til Vinnumálastofnunar og/eða verkefnisstjóra án tafar.





Verkefnastjóri sendir VMST reglubundið upplýsingar um samskipti verkefnisstjóra við atvinnuleitanda sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, og laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Upplýsingarnar verða á ákveðnu stöðluðu rafrænu formi sem VMST mun útfæra. VMST mun færa upplýsingarnar inn í samskiptagrunn sinn og gagnabanka til frekari úrvinnslu. Jafnframt skal VMST hafa fullan aðgang að upplýsingum um frammistöðu og ástundun atvinnuleitanda á hverjum tíma. Slíkur aðgangur skal byggja á upplýstu samþykki atvinnuleitanda gagnvart VMST og skal það liggja fyrir við upphaf þátttöku hans í virkniúrræði samkvæmt samningi þessum.

8. gr.

Miðlun upplýsinga, eftirlit og árangur.

VMST hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem stofnunin telur þörf á hverju sinni.

Akraneskaupstaður skuldbindur sig til að upplýsa VMST án tafar telji verkefnastjóri sig ekki geta staðið við skilmála samnings þessa.

Áður en samningstími rennur út skulu samningsaðilar halda sérstakan árangursmatsfund þar sem þeir munu ræða og meta árangur samstarfsins, framhald þess og hvort ástæða sé til að gera breytingar á framkvæmd þess. VMST boðar til árangursmatsfundar.

9. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmönnum Akraneskaupstaðar ber að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum eða skuli haldið leyndum lögum samkvæmt.

10. gr.

Framsal á réttindum eða skyldum.

Akraneskaupstað er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti, nema með skriflegu samþykki VMST.

11. gr.

Vanefndir.

Vanefni annar samningsaðila samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur hinn samningsaðilinn krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er VMST heimilt að skerða framlag sitt sem samið hefur verið um sérstaklega í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna. Sama gildir af hálfu Akraneskaupstaðar ef greiðslur skerðast þá er heimilt að draga úr þjónustu í samræmi við það.



Akraneskaupstaður



12. gr.

Gildistími, uppsögn, endurskoðun.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2015.


Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu og skal uppsögn gerð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn miðast við mánaðamót og skal vera skrifleg.


13. gr.

Frumrit og staðfesting samnings.

Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu VMST og eitt eintak skal vera í vörslu verksala.

Akranesi , 15. janúar 2014


F.h. Vinnumálastofnunar Vesturlandi
Guðrún Sigríður Gisladóttir



F.h. Akraneskaupstaðar
Helga Gunnarsdóttir